



**Efni: Umsögn Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu við tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2024-2038 ásamt fimm ára aðgerðaáætlun fyrir árin 2024 – 2028, 315. mál.**

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) vilja með umsögn þessari um ofangreinda tillögu leggja sérstaka áherslu á eftirfarandi þætti:

**Samgöngusáttmálinn**

Í drögum að Hvítbók um samgöngumál, sem SSH sendu umsögn vegna dags. 21. apríl 2023, var að finna nokkra umfjöllun um Samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins sem undirritaður var hinn 26. september 2019.

Í tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun er helst gerð grein fyrir Samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins á bls. 98 og þeim verkefnum sem unnið hefur verið að frá undirritun hans. Einnig kemur fram að viðræðuhópur skipaður fulltrúum ríkis og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu vinni nú að því að rýna áætlunir sáttmálans með það fyrir augum að uppfæra forsendur hans og undirbúning viðauka við hann. Einnig kemur fram að framkvæmdatafla tillögunnar, sem varðar Samgöngusáttmálann, sé birt með fyrirvara um að hún verði uppfærð þegar viðræðuhópurinn hefur lokið störfum og nýr viðauki verið samþykktur.

SSH hafa átt í góðu samstarfi við ríkið um gerð og uppfærslu Samgöngusáttmálans og lýsa ánægju með umfjöllun um sáttmálann í tillögu um samgönguáætlun. SSH leggja áherslu á að fjögur markmið Samgöngusáttmálans séu í hávegum höfð við gerð viðauka við hann, en þau eru að:

- Stuðla að greiðum, skilvirkum, hagkvæmum og öruggum samgöngum á höfuðborgarsvæðinu.
- Stuðla að því að ná loftslagsmarkmiðum stjórnvalda um sjálfbært, kolefnislaust borgarsamfélag.
- Stuðla að auknu umferðaröryggi.
- Tryggja skilvirka framkvæmd og umgjörð verkefnisins.

Þá liggur fyrir, líkt og kom fram í umsögn SSH um hvítbók að samgönguáætlun, að ætlunin er að framkvæmdir Betri samgangna ohf. á grundvelli Samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins verði að hluta til fjármagnaðar með flýti- og umferðargjöldum, sbr. f.- lið 3. gr. Samgöngusáttmálans, en umfjöllun þess efnis kemur fram í tillögu að þingsályktun, kafla 2.2 um landshluta, bls. 51 þar sem segir:

*„Lykiþáttur í fjármögnun samgöngusáttmálans er innheimta flýti- og umferðargjalda. Slik gjaldtaka er alla jafna frábrugðin hefðbundinni gjaldtöku að því leyti að hún er breytileg innan sólarhrings. Upphæðin er hærrí á annatímum en utan þeirra og stuðlar með þeim hætti að hagfelldari dreifingu umferðarálags og betri nýtingu innviða og um leið minni umferðartéfum.“*

Einnig segir:

*„Nánari úfærsla þeirrar innheimtu mun fara fram á vettvangi sameiginlegrar verkefnastöfu innviðaráðuneytisins og fjármála- og efnahagsráðuneytisins. Mikilvægt er að til framtíðar geti tekjuáætlun ríkisins cf umferð staðið undir nauðsynlegri fjárfestingu, skapað sveigjanleika til þess að flýta ljóðhagslega arðbærum framkvæmdum og viðhaldið í framhaldandi hvata til orkuskipta. Þá verður í vinnunni lögð áhersla á að tekjuáætlun leggist með sanngjörnum hætti á alla landsmenn. Þar verði horft til áhrifa á samgöngukostnað innan landshluta sem og á mismunandi samfélagshópa.“*



Í tillöggunni er töluvert fjallað um orkuskipti og þær áskoranir sem þau hafa í för með sér með tilliti til tekjuöflunar ríkissjóðs og þær veigamiklu breytingar sem eru fyrirhugaðar á skattlagningu ökutækja og eldsneytis, sbr. umfjöllun í kaflanum *Endurskoðun á tekjuöflun ríkisins af ökutækjum og umferð* bls. 70, en þar segir m.a.:

*„Sameiginleg verkefnisstofa innviðaráðuneytisins og fjármála- og efnahagsráðuneytisins vinnur að því að endurskoða tekjuöflunarkefni ríkisins af ökutækjum og umferð en tekjur af hefðbundnum tekjustofnum hafa dregist verulega saman vegna orkuskipta. Mikilvægt er að tryggja að tekjuöflun standi undir þeirri fjárfestingarþörf sem fyrirjäänleg er á næstu árum.“*

M.t.t. þess sem hér segir að ofan, og þeirra staðreyndar að lög um flýti- og tafagjöld hafa ekki verið lögð fram á Alþingi, vilja SSH leggja mikla áherslu á að þangað til endanleg niðurstaða fæst um fjármögnun og fjármögnunarleiðir vegna uppbyggingar samgönguinnviða verði fjármögnun til verkefna Samgöngusáttmálans tryggð með öðrum hætti og að fjárflæði verði skv. fjárstreymisáætlun Samgöngusáttmálans.

### Framlag til rekstur almenningsamgangna

Rétt er að áréttá m.a. eftirfarandi umfjöllun SSH sem sett var fram í umsögn samtakanna við frumvarp til fjárlaga, dags 12. október 2023.

*„Að störfum hefur verið sérstakur stafrshápur sem hefur það hlutverk að vinna tillögur að endurskoðuðu samkomulagi ríkisins og sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu um eflingu almenningsamgangna á höfuðborgarsvæðinu, til samræmis við framangreint. Eru samningaviðræður nú í fullum gangi.*

*Ekki þarf að fjölyrða um mikilvægi eflingar almenningsamgangna í þróun mannvænni svæða og til að ná fram ábata af minni umferðartíðum og lægri samfélagslegum kostnaði vegna samgangna. Ef markmið um breyttar ferðaverjur eiga að ná fram að ganga þá verður rikið að koma með auknum kræfti að rekstri almenningsamgangna enda eru skilvirkar og góðar almenningsamgöngur forsenda þess að fólk nýti sér þær.*

*Mikilvægt er að hoiða á almenningsamgöngur út frá markmiðum og stefnu í lftslagsmálum ríkisins. Í markmiðum samkomulags um skipulag og fjármögnun uppbyggingar á samgönguinnviðum (Samgöngusáttmálinn) kemur skýrt fram að stuðla eigi að því að lftslagsverkefnum sjórivalda um sjáfbært, kolefnislaust borgarsamfélag verði náð m.a. með eflingu almenningsamgangna. Í aðgerðaáætlun íslenskra sjórivalda til að stuðla að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda til 2030 er þáttur almenningsamgangna stór og settar fram aðgerðir um að fjölga hlufalli fólks sem notar almenningsamgöngur. Í aðgerðakafli A.3 – efling almenningsamgangna kemur fram að aðgerðirnar fela í sér að styrkja almenningsamgöngur m.a. með framlögum til uppbyggingar Borgarlínu. Í aðgerðaáætluninni er komið inn á breytingar á ferðaverjum og markmið er varðar fjárfestingar á hreinorkuvögnum. "Mat á áhrfum breytinga á ferðahegðun vegna aukinna ivilnana vegna virkra ferðamáta sem og innviða vegna virkra ferðamáta, og ivilnana til að efla almenningsamgöngur, speglast í væntum samdrætti í fjölda ferða með einkabilnum (fólksbreytið). Gert er ráð fyrir að fjöldi ferða með einkabilnum vegna efling almenningsamgangna og fjölreiða samanlagt minnki úr 76% í um 69% til 2030 og vagnar sem notaðir eru í almenningsamgöngum hjá Strætó verði orðnir hreinorkuvagnar á árinu 2030". Aðgerðaáætlunin endurspeglar því vilja sjórivalda til þess að efla almenningsamgöngur, ekki bara í fjárfestingu heldur líka í rekstri.*

*Þá ber að geta þess að 33% uppruna kolefnislosunar á Íslandi kemur frá vegasamgöngum og því samhengi eru skilvirkar og eflingar almenningsamgöngur njög mikilvægar.*

*Í nógildandi samgönguáætlunum endurspeglast vilji ríkisvaldsins í því að efla almenningsamgöngur. Þar kemur m.a. fram að stuðlað verði að því að ná lftslagsmarkmiðum sjórivalda um sjáfbært, kolefnishlutlaust borgarsamfélag með eflingu almenningsamgangna, deiliahagkerfi í samgöngum og bættum innviðum fyrir aðra vistvæna samgöngumáta auk þess að hveja til breyttra ferðaverja. Í því efni verða greindar leiðir til þess að styrkja lagaumhverfi almenningsamgangna svo það styçji við eflingu fjónustunnar og þróun hennar. Þá verði greindar leiðir til að auka samkeppnishæfni almenningsamgangna gagnvart ferðum í bíl þ.m.t. upphæðir fargjalda á móti kostnaði við að reka b.freið. Hvað varðar fjárfestingar felur samgönguáætlun það í sér að stuðlað verði*



*að því að farartæki sem veðast til notkunar í almenningssamgöngukeifinu séu eins vistvæn og kostur er ásamt því að kannadir verði möguleikar á notkun vistvænna, innlendra orkuþjafa.*

*SSH leggja því ríka áherslu á að fullnægjandi framlög frá ríkinu til eflingar almenningssamgangna séu tryggð og að þeirra sé skýrt getið í „járlögum. Ekki sist úr frá því meginsjónarmiði að ríkið ber mikla ábyrgð á því að vel takist til í þeim verkefnum sem framundan eru m.a. úr frá markmiðum um sjáfbært og kolefnislaust borgarsamfélag.“*

Verður ekki annað séð en að ofangreind sjónarmið eigi enn að fullu við. Eins og fram kemur í tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun (bls. 239) er það svo að „Efling almenningssamgangna ásamt aukinni hlutdeild göngu og hjólríða um allt land er lykiþáttur í því að draga úr umhverfisáhrfum samgangna og samræmist vel velsældaráherslu ríkissjórnarinnar um kolefnishlutlausu framtíð.“ Er því stefnt, sbr. m.a. markmið samgönguáætlunar, að auknu hlutfalli þeirra sem nýta sér umhverfisvænni samgöngumáta, s.s. almenningssamgöngur, á næstu árum. Svo þau markmið náist er jafnframt ljóst að fjármagn til þeirra þarf að vera tryggt með aukinni fjárhagslegri aðkomu og ábyrgð ríkisins með sveitarfélögunum á höfuðborgarsvæðinu.

SSH hafa því miklar væntingar til þess að ásættanleg niðurstaða verði af yfirstandandi samningaviðræðum þannig að framangreind markmið um öflugri almenningssamgöngur náist.

### **Bláfjallavegur og Skálafellsvegur**

SSH og Vegagerðin hafa átt í samstarfi um rýni á opnun Bláfjallavegar frá janúar 2023, sem felur í sér að unnið verði kostnaðarmat, hönnun og áhættumat vegna vatnsverndar. Jafnframt verði horft til hlutverks vegarins með hliðsjón af vara- og flóttaleiðum á höfuðborgarsvæðinu. Vegagerðin vann gróft kostnaðarmat í mars 2022 þar sem kom fram að endurgerð vegarins til að hann uppfyllti helstu kröfur kostaði 1.500 – 2.000 m. kr. Framkvæmdir á veginum eru ekki ráðgerðar á núgildandi samgönguáætlun 2020–2034.

Aðildarfélög SSH áætla uppbyggingu á skíðasvæðinu í Skálafelli á næstu árum. Núverandi aðkomuvegur frá Þingvallavegi er um 3,5 km að lengd og er í umsjón Vegagerðarinnar. Hann telst ófullnægjandi í mörgu tilliti þ.m.t. breidd, umferðaröryggi, burðargeta o.fl. Uppbygging í Skálafelli er óhugsandi án lagfæringa á aðkomuveginum. Samkvæmt upplýsingum frá Vegagerðinni var gert ráð fyrir fjármagni í lagfæringar á Skálafellsvegi í samgönguáætlun árið 2011-2022, á 3. tímabili sem náði til árana 2019-2022. Samkvæmt upplýsingum frá Vegagerðinni er undirbúningur í gangi við ofangreint og vonir standa til þess að framkvæmdir komist brátt í gang.

SSH leggja mikla áherslu á framgöngu ofangreindra verkefni og að þau verði leidd til lykta.

### **Aðrar athugasemdir**

Þá bendir SSH á að bæta mætti við *bættum ferðatíma með almenningssamgöngum* sem einum lykilmælikvarða greiðrar samgangna (bls. 48) enda lykiltríði að ná ferðatíma almenningssamgangna niður til að þær verði skilvirkari og álitlegri valkostur fyrir íbúa og gesti við val á ferðamáta.

### **Lokaorð**

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu vænta áframhaldandi góðs samstarfs við ráðherra ríkisstjórnarinnar og Alþingi um framgang Samgöngusáttmálans, enda mikilvægt að markmið samkomulagsins nái fram að ganga m.a. með skýrri tilvísun í það efni sem tillaga að þingsályktun til samgönguáætlunar felur í sér.

Virðingarfyllt,

Páll Björgin Guðmundsson  
Framkvæmdastjóri SSH